



Aðildarfélag KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 21. nóvember 2025

Ferða og upphaldskostnaður dómara

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ 20. nóvember sl. voru samþykktar breytingar á reglugerðum KSÍ. Um er að ræða uppfærslu á ákvæði um ferða- og upphaldskostnað dómara. Breytingar ná til eftirfarandi reglugerða:

- Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingar á texta í reglugerðum ásamt greinargerðum:

Það sem samþykkt hefur verið að falli inn í reglugerð er **rauðmerkt**.

Það sem samþykkt hefur verið að fella út úr reglugerð er ~~yfirstrikað~~.

Reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

- 19.7 ~~Af hverjum leik sem fram fer í efstu-, 1.-, 2.-, 3.-, 4.-, 5. og Utandeild karla og efstu-, 1.- og 2. deild kvenna skal heimaliðið greiða ákveðið gjald til að standa undir ferða- og upphaldskostnaði dómara og aðstoðardómara vegna leikja í viðkomandi deild. Félög í efstu-, 1.-, 2.-, 3.-, 4.-, 5. og utandeild karla og efstu-, 1.- og 2. deild kvenna skulu greiða gjald til KSÍ vegna ferða- og upphaldskostnaðar dómara, aðstoðardómara, fjórða dómara og eftirlitsmanna í viðkomandi deild. KSÍ ákveður upphæð þessa gjalds í ofangreindum deildum og greiðslur með hliðsjón af greiðslum til dómara vegna upphaldskostnaðar og aksturs eigin bifreiða. Gjaldið skal innheimt í tvennu lagi ár hvert, fyrri helmingur þann 1. febrúar og seinni helmingur þann 1. nóvember. Verði afgangur af gjaldinu skal hann endurgreiddur liðum viðkomandi deildar. Nægi gjaldið hins vegar ekki fyrir öllum kostnaði, skulu lið viðkomandi deildar greiða það sem á vantar. Í keppni A og B deildar Íslandsmóts 2. flokks karla og kvenna skal heimalið skulu félög greiða gjald eins og að ofan greinir fyrir dómara og aðstoðardómara eins og við á.~~

Greinargerð:

Um er að ræða breytingu sem endurspeglar framkvæmd gjaldsins enda hefur ekki verið sérstaklega greint á milli heima- og útilíðs við innheimtu gjaldsins. Félög viðkomandi deildar hafa greitt ákveðið gjald til að standa straum af ferða- og upphaldskostnaði dómara. KSÍ ákveður gjaldið líkt og áður og skal hafa hliðsjón af raunkostnaði við ferða- og upphaldskostnaðar dómara í viðkomandi deildar. Sami háttur skal viðhafði í keppni A og B deildar Íslandsmóts 2. flokks karla og kvenna þar sem gjaldið hefur verið innheimt fyrir hverja lotu fyrir sig.

Ef frekari upplýsinga er óskað má hafa samband við undirritaðan á netfangið axel@ksi.is eða í síma 510-2903.

Axel Kári Vignisson lögmaður,
yfirlögfræðingur KSÍ.